

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 86**  
 geymslustað fyrir skjallasafu Suðurmúlasýslu. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, 23. júlí.  
 herra amtmaður, 3. apríl þ. á. viðvíkjandi fyrirspurn sýslumannsins í Suðurmúlasýslu  
 um það, hvort skápur sem standi á lopti fangahússins á Eskifirði verði álitinn fulltryggj-  
 andi geymslustaður handa eldri skjölum og bókum sýslunnar, sem annars ætti að senda  
 til geymslu á landsskjallasafninu í Reykjavík, samkvæmt auglýsingu landshöfðingja 3.  
 apríl f. á., skal jeg hjermeð biðja yður að tilkynna nefndum sýslumanni, að með því að  
 hið umgetna lopt megi álitast fulltryggilegur geymslustaður fyrir nefnd skjöl, þurfi eigi  
 fyrst um sinn að senda þau til Reykjavíkur á landsskjallasafnið.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um frest 87**  
 á landskuldagreiðslu í Reynistaðarklausturs umboði. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, 23. júlí.  
 herra amtmaður, 7. f. m., skal yður hjermeð tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-  
 ingar, að jeg veiti umboðsmanni Reynistaðarklausturs heimild til að veita hinum efna-  
 minnstu landsetum á jörðum tjeðs umboðs sökum harðærisins í fyrra umliðan á þriðj-  
 ungi landskulda þeirra, sem áfallnar eru í síðastliðnum fardögum, þangað til á næstkom-  
 andi hausti, og býst jeg við að hann sendi yður síðan skýrslu um, hvernig hann hafi  
 notað heimild þessa.

**Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um að gætt skuli varúðar í að 88**  
 gjöra frakknesk fiskiskip að strandi. — Yfirforingi hinna frönsku herskipa, er þetta 28. júlí.  
 ár hafa stöðvar hjer við landið, hefir látið í ljósi við mig, að sýslumenn muni í sumum  
 tilfellum að undanfögnu hafa verið of fljótir til að úrskurða, að frönsk fiskiskip, sem eitt-  
 hvað hefir hlekkst á, skyldu sem ósjófær seljast sem strandaðir munir, og hefir hann því  
 farið þess á leit, að sjeð verði um, að meiri varúðar verði eptirleiðis gætt í þessu efni.

Fyrir því skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir  
 lögreglustjórum þeim, sem þjer eruð yfir skipaðir, að þeim beri að gæta mikillar varúðar  
 við meðferð á strönduðum skipum, og þeim skipum, sem skipstjórar þeirra heimta að sjeu  
 meðhöndluð sem strönduð skip, og sjerstaklega gefa gætur að því, að rjetti skipseigend-  
 anna, útgjörðarmanna og ábyrgðarmanna ekki verði hallað fyrir þá sök, að skipin sjeu,  
 án þess að til þess sjeu fullar ástæður, dæmd að vera ósjófær og þar eptir seld sem strand-  
 aðir munir, enda vona jeg að lögreglustjórnir hafi sjer hugfast, að það er skylda þeirra  
 að gjöra ráðstafanir til þess eptir því sem í þeirra valdi stendur, að skipstjórunum verði  
 veitt öll sú hjálp sem unnt er, til að fá skip sín endurbætt svo að þau verði sjófær þegar  
 þau hafa orðið fyrir sjóskaða.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um lán til að afstýra 89**  
 hallæri. — Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Dalasýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar 31. júlí.  
 þar og eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, í brjefi 23. þ. m.,  
 hef jeg veitt Dalasýslu 10,000 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri í sýslunni  
 gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 1000 kr. á ári auk venjulegra vaxta  
 eða á þann hátt sem ákveðið verður, eptir að alþingi hefur haft málið til meðferðar.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð þjónustusamlega til birtingar fyrir sýslumanni, og